og um skör fram, þá láti stjórnin á landsins kostnað rannsaka þetta málefni, og ráða bót á þessu vandræði með því að sá mel í sandinn og verja melinn þar sem hann enn þá er, og að hverjum leiguliða verði gjört að skyldu að friða melinn, að viðlagðri útbyggingu og sektum, og loks að settar verði lagaákvarðanir og fyrirskipaðar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru þessu til framkvæmdar. **139**

Reykjavík, 30. septemberm. 1878.

Bergur Thorberg.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* uppgjöf á skuld til landssjóðs. — Með þóknanlegu brjefi 22. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi sent hingað bœnarskrá, þar sem stjórn sjúkrahússins í Reykjavík beiðist þess, að hún fái tilkynning um það frá ráðgjafanum, hvort telja megi gefið upp með fjárlögunum 1878 og 1879 lán það, að upphæð 2000 kr. er með konungsúrskurði 20. febrúar 1866, var veitt sjúkrahúsinu vaxtalaust um 5 ár, og var undanþágan frá vaxtalúkningu lengd til 11. júní f. á. með konungsúrskurði 8. janúar 1872. **140** 4. júlí.

Eins og yður herra landshöfðingi mun kunnugt, var í athugasemdunum við 4. grein frumvarpsins til fjárlaga fyrir nefnd ár, sem lögð voru fyrir alþingið, gjörð sú athugasemd, að ráðgjafinn vegna meðmæla landshöfðingja um, að sjúkrahúsið mætti fá fyrtjeð lán gefið upp, hefði sleppt áminstri upphæð úr yfirlitinu yfir ástand viðlagasjóðsins, eigi heldur voru í tjeðri grein til færðir vextir af áminnztum höfuðstól.

Með því engin mótmæli komu fram frá alþingi á móti þessu, og þingið, þá er það breytti greininni, til færði ekki vextina af þeim 2000 kr., sem ljeðar voru sjúkrahúsinu, en nú voru ekki lengur vaxtalausar, sjer ráðgjafinn ekki betur, en að ætla megi, að alþingið hafi þegjandi samþykkt tíllöguna um, að höfuðstóllinn sje gefinn upp.

Samkvæmt þessu eruð þjer, herra landshöfðingi, beðnir þóknanlega að tjá sjúkrahúss-stjórninni það, sem þörf er á.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* styrk til eflingar á sjáfarútvegi. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi frá 20. þ. m. veitist hjer með alþingismanni Einari Bessa Guðmundssyni frá Hraunum í Fljótum í Skagafjarðarsýslu af fè því, sem í fjárlögunum 10. gr. C 5 er ætlað þetta ár til eflingar á sjáfarútvegi og jarðarrœkt 500 kr. styrkur til þess að ferðast til Noregs í haust og kynna sjer þar bátasmíði Norðmanna, veiðigögn, aðfarir við veiðiskap, hirðingu og meðferð á afla m. fl., og mun jeg eptir nánari tillögum yðar fúss á að veita tjeðum Einari Guðmundssyni jafnmikinn styrk næsta ár, allt með því skilyrði, að hann riti og komi á prent skýrslu um ferð sína, og um það í hverju og hvernig bœndur hjer á landi gætu tekið sjer veiðiskap Norðmanna til fyrirmyndar. **141** 31. ágúst.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* aukatekjur sýslumanna. — Í tilefni af brjefi frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, þar sem hann spyrst fyrir um, hvort sýslumaðurinn eða landssjóðurinn eigi aukatekjur þær, er fjellu til borgunar innan 6. júní þ. á., hvernig skuli fara með tekjur þær, sem 68. gr. aukatekjureglugjörðarinnar veitir heimild til að reikna, hvort sýslumenn enga **142** 2. sept.